

2023-2024

Ársskýrsla

Starfsáætlun

Leikskólinn Grænuvellir
Húsavík
Norðurþing





Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Ársskýrsla og starfsáætlun	3
Um skólann.....	3
Helstu áherslur í starfi leikskólans.....	3
Skóladagatal	5
Tölulegar upplýsingar	6
Fjölmennning	7
Sérkennsla, stuðningur og farsæld	7
Skipurit	8
Starfsmenn og viðvera 2023-2024	9
Starfsþróunarsamtöl 2023-2024	9
Símenntun 2023-2024	10
Símenntunaráætlun 2024-2025	11
Samstarf við aðrar stofnanir	11
Foreldrasamvinna	15
Þróunarverkefni.....	16
Öryggis- og slysavarnarmál	17
Innkaup og framkvæmdir	17



Inngangur

Þessi skýrsla inniheldur ársskýrslu og starfsáætlun. Tilgangur skýrslunnar er að gera skólaþróun Grænuvalla markvissa þar sem tekið er mið af innra mati og árangursmiðuðum markmiðum og umbótum. Starfsáætlun er birt á vefsíðu leikskólans þar sem starfsfólk, foreldrar og rekstraraðilar geta fengið upplýsingar um hvernig starfi leikskólans er háttað og um mat á starfi síðasta árs.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og heyrir undir Mennta- og menningarráðuneytið. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla 2008 nr. 90, öðrum lögum sem eiga við um leikskólastigið, Aðalnámskrá leikskóla 2011, skólastefnu Norðurlands 2020-2025 og námskrá Grænuvalla. Uppeldisstefna leikskólans er Jákvæður agi og unnið er í anda John Dewey (1859-1952) en mikill samhljómur er á milli uppeldisstefnunnar og kenninga Dewey.

Ársskýrsla og starfsáætlun

Um skólann

Þann 15. september 2007 voru leikskólarnir Bestibær og Bjarnahús sameinaðir í nýjan sex deilda leikskóla að lðavöllum 1 á Húsavík og fékk sameinaður leikskóli nafnið Grænuvellir. Árið 2009 bættist við sjöunda deildin í gámahúsi á lóð leikskólans og átta árum seinna opnaði Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands áttundu deildina sem útbúin var í starfsmannaaðstöðu leikskólans. Á sama tíma keypti sveitarfélagið einbýlishús gegnt leikskólanum að lðavöllum 8, undir starfsmannaaðstöðu leikskólans. Síðan 2017 hefur leikskólinn verið átta deilda. Grænuvellir eru reknir af Norðurlands og heyra undir fjölskylduráð.

Helstu áherslur í starfi leikskólans

Helstu áherslur í starfi Grænuvalla er að hjálpa börnum að finna að þau skipta máli og að þau tilheyra og er það kennt með uppeldisaðferðum jákvæðs aga. Starfsfólk sýnir væntumþykju og hlýju í verki og orði með góðvild og festu og meinar það sem það segir og segir aðeins það sem það getur staðið við. Jákvæður agi hefur jákvæð áhrif á börn og starfsfólk, hefur áhrif á jákvæða hugsun, tilfinningar, nám og á byrgar ákvarðanir.



Aðferðir eða verkfæri jákvæðs aga kenna félagsfærni, lífsleikni, virðingu, umhyggju fyrir öðrum, lausnamiðun, samvinnu og þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi hvort sem það er í samfélaginu sjálfu, í leikskólanum eða á heimilum. Með aðferðum jákvæðs aga uppgötva börn hversu hæf þau eru, verkfærin valdefla þau og ýta undir sjálfstæði. Uppeldisstefnan og hugmyndafræði John's Dewey passa vel saman þar sem lögð er áhersla á að barnið læri af eigin virkni og persónulegri reynslu. Hver einstaklingur er mikilvægur sem einstaklingur og einnig sem hluti af hóp sem vinnur saman í lýðræði með handleiðslu kennara. Leikurinn er mikilvæg leið til menntunar og þroska enda börnin virkir og skapandi þátttakendur þar sem þau læra af reynslu en ekki kennslu. Flest starf leikskólans fer fram í gegnum leik og það er hlutverk kennara að gera umhverfið hvetjandi, örvandi og skipulagt með fjölbreyttum efnivið.

Einkunnarorð leikskólans eru VIRÐING-VINÁTTA-VELLÍÐAN og eiga þau við alla sem í leikskólanum eru. Öllu starfsfólki á að líða vel í starfi sínu á Grænuvöllum hvort sem um er að ræða í vinnu með börnum eða í samvinnu við samstarfsfólk og foreldra. Lögð er áhersla á að allir finni að þeir tilheyri og séu mikilvægir.

Leikskólinn leitast við að eiga gott og traust samstarf við foreldra og hvetur foreldra til þátttöku í starfinu með því t.d. að kynna sér vel þær upplýsingar sem sendar eru heim daglega, vikulega og mánaðarlega um starf leikskólans.

Nánar er fjallað um áherslur í starfi leikskólans í skýrslunni um innra mat.

Skóladagatal

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ Stóri foreldrafundurinn 16:30 í sal Borgarhólsstsk	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Njársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkaljósdagurinn	1 S	1 Þ
2 F	2 M Aðlögun nýrra barna	2 M	2 L	2 M Kaffihúsavika	2 F Starfsdagur Undirbúningur vorunnar	2 S	2 S	2 M Dagur einhverfunnar-blár dagur	2 F Starfsdagur leikskólaheimsóknir	2 M Stjórnadagurinn	2 M
3 L	3 Þ Aðlögun nýrra barna	3 F	3 S	3 Þ Kaffihúsavika	3 F Dótdagur í þessum mánuði	3 M Skólaheimsóknir elstu barna í þessum mánuði	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M Aðlögun nýrra barna	4 F	4 M Aðlögun nýrra barna	4 M Kaffihúsavika	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F Leikskólinn lokar kl 14:00
5 M Frídagur verustunarmanna	5 F Aðlögun nýrra barna	5 L	5 Þ	5 F Kaffihúsavika	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ Leikskólinn opnar kl 10:00	6 F Aðlögun nýrra barna	6 S	6 M	6 F Kaffihúsavika	6 M Þrettándinn-jólin sungin út, Aðlögun nýrra barna	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F Starfsdagur- inna mat	7 M	7 M	7 L	7 M sumarlokun
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Barátudagur gegn einhelti	8 S	8 M Uppþíandi foreldrafundur	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur	8 Þ sumarlokun
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunu	9 M sumarlokun
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	# Þ	10 F sumarlokun
11 S	11 M	11 F Bleikur dagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ 112 dagurinn	11 Þ	11 F Gulur dagur	11 S	# M	11 F sumarlokun
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 M	12 L sumarlokun
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 Þ	13 S sumarlokun
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 M Sér skráning fyrir börn	14 M	14 M	14 M sumarlokun
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ sem munu njóta vistun.	15 F	# S	15 Þ sumarlokun
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru Grænn dagur	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Stytting vinnuvikunnar	16 F	# M	16 M sumarlokun
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ Jólahátíð og rauður dagur	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	# Þ	17 F sumarlokun
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M Jólaláté sótt	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	# M	18 F sumarlokun
19 M Aðlögun milli deilda	19 F	19 L	19 Þ	19 F Jólaláté skreytt	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	# F	19 L sumarlokun
20 Þ Aðlögun milli deilda	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F Litlu jól	20 M	20 F	20 F	20 S Þáskadagur	20 Þ	# F	20 S sumarlokun
21 M Aðlögun milli deilda	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M Annar í Þáskum	21 M	# L	21 M sumarlokun
22 F	22 S	22 Þ	22 F Laufabrauð	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	# S	22 Þ sumarlokun
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	# M	23 M sumarlokun
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur - Þorrablót Grænuvalla	24 M	24 M Starfsdagur-leikurinn/JA Starfsdagur- inna mat- undirb. foreldrasamtala	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	# Þ	24 F sumarlokun
25 S	25 M	25 F Starfsdagur steam/JA	25 M Foreldraföndur	25 M Jólalagur	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	# M	25 F sumarlokun
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ Foreldraföndur	26 F Annar í jólum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	# F	26 L sumarlokun
27 Þ	27 F Starfsdagur fyrir haustönn	27 S	27 M Foreldraföndur	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ Útskrift elstu barna	# F	27 S sumarlokun
28 M	28 L	28 M	28 F Foreldraföndur	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	# L	28 M sumarlokun
29 F	29 S	29 Þ	29 F Foreldraföndur	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F Úppstigningardagur	# S	29 Þ sumarlokun
30 F	30 M Norðurljósdagur	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M Sambættingaverkefni líkur	30 F	30 F	# M	30 M sumarlokun
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 M		31 L		

Tölulegar upplýsingar Nemendafjöldi 2023-2024

Ágúst	147	Janúar	159
September	150	Febrúar	160
Október	150	Mars	164
Nóvember	151	Apríl	163
Desember	151	Maí	161
		Júní	155

Áætlaður nemendafjöldi 2024-2025

Ágúst	128	Janúar	158
September	150	Febrúar	158
Október	150	Mars	158
Nóvember	155	Apríl	158
Desember	155	Maí	158
		Júní	158

Vistunartími nemenda í klukkustundum 2023-2024

4 klukkustundir	2
5 klukkustundir	0
6 klukkustundir	19
7 klukkustundir	11
8 klukkustundir	130
Samtals	1894,60 dvalarstundir



Fjöldi nemenda eftir fæðingarári 2023-2024

2018	31
2019	32
2020	37
2021	26
2022	31
2023	5

Áætlaður fjöldi nemenda eftir fæðingarári 2024-2025

2019	31
2020	36
2021	27
2022	34
2023	29
2024	1

Fjölmening


Rúmlega fjórðungur nemenda Grænuvalla er tvítyngdur og miðað við þróun síðustu ára mun tvítyngdum börnum fjölga í leikskólanum á komandi árum. Tvítyngd börn fá þjónustu hjá sérkennsluteymi en stefnt er að því að auka starfsþróun í teyminu til að ná að sinna auka málörvun þessa hóps. Móttökuáætlun fyrir nýja foreldra er til á íslensku, pólsku og ensku og hægt er að velja ólík tungumál á vefsíðu leikskólans. Tölvupóstsamskipti fara auk þess oft fram á ensku. Notast er við túlkþjónustu í samtölum við foreldra sem ekki skilja ensku. Stefnt er að samstarfi við fjölmenningsfulltrúa á næsta ári en hvernig því verður háttað er ekki komið á hreint. Til stendur að vinna meira með fjölbreytileika mannlífs á komandi skólaári.

Sérkennsla, stuðningur og farsæld

Að meðaltali hafa 32 börn notið stuðnings sérkennsluteymis á árinu. Í teyminu eru sérkennslustjóri í 87.5% stöðu en hann er einnig tengiliður farsældar. Sérkennslustjóri heldur utan um og sinnir beiðnum tengdum farsæld og heldur auk þess utan um þverfagleg samskipti við stofnanir vegna þarfa barna. Auk sérkennslustjóra í teyminu er einnig iðjuþjálfari í 100% stöðu, iðjuþjálfari/leikskólakennari í 75% stöðu, leikskólakennari í 75%

stöðu, leiðbeinandi í 75% sem er fastur stuðningur á deild, leikskólakennari með diplómu í sérkennslufræðum í 27% stöðu og sérgreinastjóri í 25% stöðu. Mestan hluta af skólaárinu hafa 2 stöðugildi verið úti vegna langtíma veikinda. Sérkennslustjóri sinnir ráðgjöf við deildarstjóra, beiðnum frá foreldrum og kennurum vegna barna sem þurfa stuðning og deilir verkefnum til teymisins. Teymið sinnir m.a. málörvun, sérþörfum, hegðunar- og tilfinningarvanda, tvítyngi, starfsmanna- og foreldraráðgjöf. Leikskólinn er í samstarfi við skólaþjónustu Norðurþings og nýtur ráðgjafar og stuðnings Ingibjargar Sigurjónsdóttur sálfræðings og Örnú Ásgeirsdóttur sérkennsluráðgjafa.

Skipurit





Starfsmenn og viðvera 2023-2024

Ekki gekk að manna leikskólann að fullu þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Langtíma veikindi og force major fjarverur höfðu einnig mikil áhrif á mönnun. Mannekla hafði áhrif á undirbúning kennara og starfið í heild. Örfáa daga á árinu þurfti að virkja viðbragðsáætlun vegna manneklu og voru foreldrar þá beðnir um að sækja börn í leikskólann.

Fjarvistir fyrstu 7 mánuði skólaársins

Til að manna fjarvistir og undirbúning starfsmanna hefði þurft 9,96 stöðugildi. Tvö stöðugildi þarf til að leysa af undirbúning kennara, 2 stg þarf til að leysa styttingu vinnuvikunnar og 5.96 stg til að leysa af aðrar fjarverur. Ekki náðist að manna leikskólann og vantaði rúmlega heilt stöðugildi.

Fjarvistartegund	Tímar
Orlof	224
Veikindi	1360
Veikindi vegna barna	253
Langtímaveikindi starfsfólks	665
Launalaus leyfi	173
Stytting vinnuvikunnar	318
Launað leyfi	40

Starfspróunarsamtöl 2023-2024

Starfsmannasamtöl hafa ekki farið fram á skólaárinu þar sem ekki hefur verið hægt að manna fjarverur vegna þeirra af deildum.



Símenntun 2023-2024

Allt starfsfólk tók þátt í eftirfarandi starfsdögum og námskeiðum

15. september	Norðurlandsdagurinn, Skólalþjónustan kynnti starfsemi sína, Ásgarður kynnti skólafestir Norðurlands, Barnaverndarstofa kynnti farsæld, Jákvæður agi.
13. október	Skyndihjálparnámskeið- 4 tímar
16. október	STEAM- samvinna við STEM Húsavík. Áherslan var lögð á að móta framtíðarsýn í tengslum við STEM og STEAM kennslu. Sýn leikskólans varð; Leikskólinn Grænuvellir eru öruggur staður þar sem hvert barn, óháð aldri, fær stuðning í gegnum efnivið, vettvangsferðir, reynda kennara og umhverfi - sem ýtir undir sjálfsprottinn og skapandi leik, sjálfsvitund, innblástur, könnun og úthald.“ Þá kom einnig fram einlægur vilji starfsfólks og stjórnenda um að gera skólann að lærdómsvettvangi með áherslu á STEAM, með áherslu á að veita kennurum fagþjálfun, nýta nýlegt tækjasafn STEM Húsavík við kennslu og aðlaga kennsluaðferðir sem stuðla að hágæða STEAM kennslu í leikskólanum.
17. október	Jákvæður agi- fyrirlestrar og æfingar í jákvæðum aga
2. janúar	Kynning frá barnavernd Norðurlands og námskeið um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á vegum Barnaheilla.
3. janúar	Innra mat; sjálfbærni, sérkennsla, einstaklingsnámsskrár, starfsmannahandbók
15. febrúar	Vettvangsferðir í leikskóla á Akureyri; Iðavöllur, Naustatjörn, Tröllaborgir, Lundasel, Klappir.
10. apríl	-Leikurinn og hlutverk starfsfólks í leikskóla; Anna Lilja Sæmundsdóttir leikskólaflokkari á Akureyri, Ábyrgð starfsmanna; Dögg Stefánsdóttir lífþjálfari. 3 tímar.

Auk þessa daga sóttu einstaka kennarar fjölbreytt námskeið á skólaárinu.



Símenntunaráætlun 2024-2025

Gert er ráð fyrir að fleiri þættir bætist við símenntunaráætlun og rými og tími gefinn til þess í skipulagi á starfsdögum. Auk þess verður allt gert til þess að hleypa starfsfólki á námskeið yfir veturinn í m.a. TRAS, EFI-2, HLJÓM-2, MÍÓ, Jákvæður agi, Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna, fræðslu um heimsmarkmiðin, STEM, Barnaheill-Verndarar barna, námskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins. Stjórnendur sitja stjórnendafræðslunámskeið sem haldin eru reglulega á vegum sveitarfélagsins. Í móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk er gert ráð fyrir að nýtt starfsfólk fái reglulega samtöl um gengi í starfinu fyrstu mánuðina. Hluti undirbúnings deildarstjóra er einnig ætlaður fyrir þjálfun starfsfólks.

30. september Norðurþingsdagurinn, dagskrá ekki tiltæk.

25. október, STEAM og Jákvæður agi.

24. febrúar, Leikurinn, jákvæður agi.

7. mars innra mat.-Barnasáttmálinn og heimsmarkmiðin

2. maí, vettvangsferðir í leikskóla.

Samstarf við aðrar stofnanir

Positive Discipline Lab Schools

Grænuvellir eru hluti af LAB skólum jákvæðs aga; Positive Discipline Lab Schools. Samstarf fer fram á mánaðarlegum fundum í netheimum þar sem aðilar allstaðar úr heiminum koma saman til að kenna og læra hver af öðrum. Fundinn sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri.

HÍ LANIS

Leikskólinn tekur þátt í rannsókn á vegum Háskóla Íslands, heilbrigðisvísindasviðs þar sem rannsóknarhópur vinnur að því að staðla og finna viðmið fyrir skimunarpróf LANIS. Hópur kennara, foreldra og barna sem eru að verða þriggja ára taka þátt í rannsókninni.



STEM Húsavík

STEM Húsavík hefur bæði lánað tækja/leikjakost til leikskólans og sinnt þjálfun starfsmanna en leikskólinn var þátttakandi í þróunarstarfi í að skapa tengsl milli ólíkra stofnanna í samfélaginu. STEM Húsavík kom að starfsdögum leikskólans og studdi þannig starfsfólk í kennslu STEM greina. Starfsfólk leikskólans sótti vinnustofur á vegum STEM Húsavík og Lóunnar nýsköpunarsjóðs.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Ungabarnaeftirlit HSN og leikskólinn eiga í samstarfi. Ljós móðir mætir í leikskólann þegar börnin eru komin á aldur, mælir þau og vigtar og gerir á þeim þroskapróf. Niðurstöður gefa til kynna hvort beita þurfi snemmtækri íhlutun en það er gert í samvinnu við foreldra, sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Samstarf leikskóla, grunnskóla, frístundar og Völsungs 2023-2024

Leikskólinn er í samstarfi við Borgarhólsskóla, Frístund og Völsung um samþættingu á skóla- og frístundastarfi þar sem stuðlað er að því að allir fái notið hreyfingar á sömu forsendum. Tryggt er að íþróttæfingum barnanna sé lokið kl 16 á virkum dögum og börnin njóti þannig meiri samvasta við foreldra/forráðamenn. Tveir elstu árgangar leikskólans taka þátt í verkefninu. Elsti árgangur fer tvisvar í viku og næst elsti einu sinni í viku. Starfsfólk leikskólans fylgir börnunum á æfingu, er með þeim á æfingunni og foreldarnir sækja þau í íþróttahöllina. Eftir æfingar yfir veturinn myndast flöskutappi þegar foreldrar koma að sækja og aðstoða börn sín í fót. Þess vegna munu æfingar færast til um 15 mínútur og svo börnin geti verið tilbúin þegar foreldrar sækja. Sú ósk kom einnig fram í opnum svörum könnunar sem starfshópur samþættingar lagði fyrir foreldra skólastiganna. Á sumrin er boðið upp á æfingar strax kl 8:00 gegn gjaldi og eru starfsmenn frá leikskólanum á æfingum og fylgja börnunum í leikskólann.



Samstarf leikskóla, grunnskóla, frístundar og Völsungs 2024-2025

Samættingarverkefnið

Æfingar leikskólabarna munu halda svipuðu sniði og á skólaárinu sem nú er að ljúka. Æfingarnar munu þó færast fram um 15 mínútur svo starfsfólk leikskólans geti séð um börnin í fataklefanum að æfingu lokinni þannig að þau verði tilbúin þegar þau verða sótt.

Samstarf við Borgarhólsskóla

Skólastigin hafa átt gott samstarf sem kemur til með að aukast með sameiginlegu þróunarverkefni á næsta ári. Nemendur í vali í grunnskóla hafa margir valið að koma að vinna í leikskólanum. Það hefur gengið ágætlega en ekki er gert er ráð fyrir að það samstarf haldi áfram þar sem það eykur álagið í leikskólanum talsvert. Skipti heimsóknir hafa verið þar sem leikskólabörn fara í grunnskóla og grunnskólabörn koma í leikskóla. Leikskólabörn fara einnig í vorskóla að vori. Gögn frá leikskóla fara með börnunum í grunnskóla með upplýstu samþykki foreldra. Í skólapúlsi kom fram að foreldrum elsta árgangs fannst þeir ekki nógu upplýstir um skólaheimsóknir svo ákveðið hefur verið að í janúar senda skólastjórnendur upplýsandi póst til foreldra árgangsins um það samstarf sem framundan er á milli skólanna. Deildarstjórar mun einnig halda áfram að upplýsa foreldra með föstudagspóstum, á upplýsingatöflu og á Karellen.

Samstarf leik- og tónlistarskóla

Fyrir þremur áratugum unnu leikskólinn og tónlistarskólinn saman að þróunarverkefni um tónlistarkennslu ungra barna. Síðan þá hefur samstarf haldist á milli skólanna. Tónlistarkennari á vegum tónlistarskólans kennir elsta árgangi leikskólans tónlist. Í vetur hefur kennslan farið fram í salnum á Grænuvöllum.

Slökkvilið

Í samstarfi við slökkvilið æfði leikskólinn rýmingu á leikskólanum sem gekk vel. Rýmingaráætlanir voru uppfærðar í takt við athugasemdir.



Kúti í Grobbholti

Í mörg ár hefur Aðalsteinn Árni Baldursson tekið á móti nemendum í Grobbholti þar sem þau hafa fengið að sjá Kúta, lömbin, hænu og kanínu. Lambaferðir gengu vel og útbjuggu börnin á Hóli þakkargjöf handa Kúta. Sunna Torfadóttir kom með heimalning í leikskólann til að sýna yngstu börnunum sem ekki komust í fjárhúsin til Kúta.

Hvalasafnið-Hvalaskólinn

Samstarf Hvalasafns og elsta árgangs gekk vel. Börnin sýndu afrakstur Hvalaskólans á neðstu hæð Menningarmiðstöðvar Húsavíkur þar sem sýningin var formlega opnuð, foreldrum boðið og boðið var upp á veitingar.

Menningarmiðstöð Þingeyinga

Leikskólinn og Menningarmiðstöðin hafa átt í árlegu samstarfi síðan 2014 þegar stofnanirnar unnu saman þróunarverkefnið *Myndlistarsýning barnanna*. Börn í næst elsta árgangi völdu sér listaverk úr listasafni Menningarmiðstöðvarinnar og fjölluðu um það í máli og myndum. Afrakstur verkefnisins var sýndur á neðstu hæð Menningarmiðstöðvarinnar í apríl og var sýningin opnuð með formlegum hætti og foreldrum boðið.

Landsvirkjun

Í fjögur ár í röð hafa starfsmenn Landsvirkjunar í Laxárvirkjun tekið á móti útskriftarhópi í útskriftarferð. Börnin hafa fengið að fara inn í fjallið og skoða hvernig rafmagn verður til. Starfsfólk virkjunarinnar hefur tekið vel á móti hópunum og boðið leikskólanum að nýta aðstöðu á svæði virkjunarinnar undir eldamennsku, salernisferðir og leiki. Farið verður í útskriftarferð í ár þann 30. maí.



Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð. Það starfar eftir 11. grein laga um leikskóla og fer aðalfundur fram í september árlega þar sem árlega er kosið í ráðið. Verkefni næsta árs er að foreldraráð setji sér starfsreglur og að fundargerðir ráðsins verði birtar á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri átti einn formlegan fund með foreldraráði þar sem kynntar voru niðurstöður foreldrakönnunar- Skólapúls. Önnur samskipti hafa farið fram símleiðis og bréfleiðis.

Stjórn foreldraráðs:

Kristín Anna Hreinsdóttir

Christin Irma Schröder

Ágústa Gísladóttir

Jóna Dagmar Hólmfríðardóttir.

Í leikskólanum er starfandi Foreldrafélag. Foreldrafélagið hafði frumkvæði að því að bæta bókakost og aðstöðu fyrir bókasafn leikskólans. Félagið keypti bækur og gaf leikskólanum, flutti bækur á nýjan stað og vannur að því að skipuleggja bókasafnið. Samstarfsverkefnið vetrarins er að fullbúa bókasafnið.

Foreldrar barna í elsta árgangi hafa óskað eftir því að fá að búa til útikennsluástöðu í Skógargerðisdalnum og gefa leikskólanum að gjöf. Hugmyndin er að foreldrar næstu útskriftarárganga haldi svæðinu við og bæti jafnvel við það þegar frá líður.

Formleg foreldrasamtöl fara fram einu sinni á ári nema þegar um yngstu börn er að ræða en þá er foreldrum einnig boðið samtal eftir þriggja mánaða vistun. Auk þess er tilraunaverkefni á einni deild að bjóða uppá foreldrasamtöl í byrjun skólaárs. Foreldrum er velkomið að fá fleiri samtöl óski þeir eftir því.

Foreldrahandbókin er til á íslensku, ensku og pólsku. Stóri foreldrafundurinn var haldinn og að þessu sinni í sal Borgarhólsskóla. Mikil ánægja ríkti með fundinn eins og sjá má í niðurstöðum Skólapúls. Ákveðið var að á næsta skólaári verði tveir stórir foreldrafundir, annar þann 1. október og hinn 8. janúar.



Á föstudögum eru sendir föstudagspóstar frá öllum deildum, dagleg samskipti fara fram í fataklefa og á töflum við innganga á deildir. Samskipti fara einnig fram í gegnum Karellen. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við deildarstjóra eða stjórnendur.

Þróunarverkefni

Borgarhólsskóli óskaði eftir samstarfi Grænuvalla í samþættingu skólastarfs en grunnskólinn sótti um styrk til Sprotasjóðs sem hann fékk. Samstarf skólastiganna hefst á haustdögum en ekki hefur verið fundað vegna þess að svo stöddu.

Leikskólinn, í samstarfi við STEM Húsavík sótti um styrk til Sprotasjóðs til að búa til innleiðingarætlun fyrir STEAM fyrir leikskólann. Í því felst einnig að innleiða gagnreyndar gæða vinnuaðferðir í kennslu á STEM með sérstaka áherslu á skapandi starf. Styrkur sem fékkst var 2.000.000.- og mun undirbúningsvinna hefjast í júní 2024. Verkefnið fer formlega af stað í ágúst 2024 og er lokamánuður verkefnisins ágúst 2025.

Afrakstur verkefnisins mun lýsa sér: í

- 1) Ítarlegri innleiðingarætlun um STEAM kennslu á Grænuvöllum
- 2) Faglegu námssamfélagi með aukinni þekkingu og reynslu þegar kemur að STEAM náms- og kennsluferlum
- 3) Auknu sjálfsöryggi kennara og starfsfólks við STEAM kennslu
- 4) Nýjum áherslum í námi og kennslu sem ríma við kröfur nútímans
- 5) Breytingar í námskrá leikskólans og í nýjum kennsluaðferðum sem aðlagðar verða samkvæmt STEM Learning Ecosystems, að umhverfi og aðstæðum á Húsavík.
- 6) Leikskólinn Grænuvellir verður leiðandi skóli á landsvísu í innleiðingu STEAM.

Leikskólinn Grænuvellir og STEM Húsavík munu sjá um að miðla afrakstri verkefnisins á vefmiðlum sínum (vefsíðu, Instagram og Facebook) auk þess sem Leikskólinn Grænuvellir mun miðla efni og fréttum af verkefninu beint til foreldra gegnum tölvupósta og foreldrafundi. Þá munu fulltrúar verkefnisins kynna verkefnið á viðeigandi menntaráðstefnum.



Öryggis- og slysavarnarmál

Í leikskólanum er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sem báðir hafa farið á sérhönnuð námskeið í nokkur skipti. Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður gera athugasemdir þegar þeir sjá eitthvað upp á vanta s.s. varðandi vinnuvernd, áhættu á slysum og félagslegu vinnuumhverfi. Þegar slys eða óhapp verður í leikskólanum er það skráð í slysaskýrslu í Karellen og síðan fært yfir í Atvik.is. Árlega fer eftirlitsmaður frá B. Árnasyni yfir brunavarnir í húsinu, slökkvitæki og slöngur. Árlega sinnir eldvarnareftirlit sveitarfélagsins eftirliti í skólanum og fer yfir útgönguleiðir, neyðarljós og rýmingaráætlun. Árlega er rýmingaráæfing hjá starfsfólki. Securitas sinnir tilkynningum þegar kemur að eldvarnareftirliti og eru stjórnendur á hringilista. Annað hvert ár er skyndihjálparnámskeið á starfsdegi og var eitt slíkt á þessu skólaári. Árlega koma rafvirki og smiðir og yfirfara rafmagn og það sem út af ber sem gæti skapað slyshættu. Árlega er leikskólalóðin tekin út af viðurkenndum eftirlitsaðila og á vefsíðu leikskólans er að finna [rekstrarhandbók](#) um öryggi á leikskólalóðinni sem byggð er á skýrslu eftirlitsaðila. Í leikskólanum er [Viðbragðsáætlun vegna fáliðunar](#) sem er virkjuð þegar er mannekla og þannig tryggt að öryggi og námsaðstæður barna og starfsumhverfi kennara sé í lagi.

Í leikskólanum er virk áætlun um [öryggi og heilbrigði 2021-2024](#).

Innkaup og framkvæmdir

Fjölga þurfti bæði stólum og borðum í leikskólanum og voru keypt tvö borð og 26 stólar. Hljóðvist var bætt á Tungu og leikskólinn allur hljóðmældur. Hljóðvist verður bætt á þremur deildum, Fossi, Róm og Vilpu. Salurinn kom verst út og verður hljóðvist þar löguð. Deildin Foss var máluð, nokkrir veggir á Hóli, stigauppgöngur á Árholti og Tungu og veggir við útidyr á norður og suðurgangi. Tunga var máluð. Starfsmannaaðstaðan var máluð og settir upp 36 starfsmannaskápar. Keypt var lofthreinsitæki í starfsmannahús og umhverfi gert meira aðlaðandi. Keypt voru rúm á Tungu, Árholt, Berg og Foss samtals um 80 rúm. Á haustmánuðum verða keypt rúm á tvær deildir og stefnt að því að kaupa á síðustu tvær á þarnæsta fjárhagsári. Tölvubúnaður var að einhverju leiti endurnýjaður og mun verða endurnýjaður áfram eftir þörfum. Ljós og neyðarútgöngur voru yfirfarin. Í sumar verða tvær deildir málaðar, skipt um sand í sandkassa.

Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir